




ORKUSTOFNUN

RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri

Hellisheiði, hola HE-3

3. áfangi: Borun vinnsluhluta frá 812 í 1887 m dýpi



Sigvaldi Thordarson, Arnar Hjartarson, Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Bjarni Gautason, Bjarni Guðmundsson, Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franzson, Kjartan Birgisson, Sigurður Sveinn Jónsson

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

2001

OS-2001/057



ORKUSTOFNUN
Rannsóknasvið

Verknr. 8-630023

Sigvaldi Thordarson
Arnar Hjartarson
Ásgrímur Guðmundsson
Benedikt Steingrímsson
Bjarni Gautason
Bjarni Guðmundsson
Guðlaugur Hermannsson
Hjalti Franzson
Kjartan Birgisson
Sigurður Sveinn Jónsson

HELLISHEIÐI, HOLA HE-3

3. áfangi: Borun vinnsluhluta frá 812 í 1887 m dýpi

Unnið fyrir Orkuveita Reykjavíkur

OS-2001/057

September 2001

ORKUSTOFNUN - RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími 569 6000 – Fax 568 8896

Akureyri: Háskólinn á Akureyri, Sólborg v. Norðurslóð, 600 Ak.

Sími 463 0957 – Fax 463 0999

Netfang: os@os.is – Veffang: <http://www.os.is>

Skýrsla nr.: OS-2001/057	Dags.: September 2001	Dreifing: ☒ Opin ☐ Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: HELLISHEIÐI, HOLA HE-3 3. áfangi: Borun vinnsluhluta frá 812 í 1887 m dýpi		Upplag: 45
		Fjöldi síðna: 52
Höfundar: Sigvaldi Thordarson, Arnar Hjartarson, Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Bjarni Gautason, Bjarni Guðmundsson, Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franzson, Kjartan Birgisson, Sigurður Sveinn Jónsson		Verkefnisstjóri: Benedikt Steingrímsson
Gerð skýrslu / Verkstig: Rannsókn háhitasvæðis, 3. áfangi borverks		Verknúmer: 8-630023
Unnið fyrir: Orkuveitu Reykjavíkur		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Lýst er borun þriðja áfanga holu HE-3 á Hellisheiði og þeim gögnum sem safnað var í þessum áfanga. Verkið er unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Holan sem er boruð með jarðbornum Jötni er undir suðurhlíðum Stóra-Skarðsmýrarfjalls. Hún er skáhola og átti skv. áætlun að stefna 345° +/-10° til norðvesturs með um 35°halla og tókst nokkurn veginn að halda þeirri áætlun. Borun þessa áfanga hófst 30. júlí og lauk 20. ágúst á 50. verkdegi. Borað var með 8 1/2" krónu og er lokadýpi holunnar 1887 m. Sýnum af borsvarfi var safnað samkvæmt venju og jarðlög og ummyndun greind samhliða borun. Hefðbundnar borholumælingar voru gerðar, s.s. á upphitun, holuvídd, jarðlögum, steypugæðum, halla og stefnu. Móberg er ráðandi berggerð, túff niður á 960 m og síðan bólstraberg í 1200 m, en lengra nær jarðlagagreining ekki. Bergið er mikið ummyndað. Nokkrar vatnsæðar fundust, sú stærsta í 1214 m. Borverkið var unnið af Jarðborunum hf. en rannsóknarhlutann annaðist Rannsóknasvið Orkustofnunar.		
Lykilorð: Háhitasvæði, borholur, skáborun, jarðlög, ummyndun, vatnsæðar, borholumælingar, Hellisheiði	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra: <i>10/9 Ben St.</i>	
	Yfirfarið af: BS, PI	

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	4
2.	BORSAGA	4
3.	JARÐFRÆÐI, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR	7
3.1.	Jarðlög.....	7
3.2.	Ummyndun.....	8
3.3.	Vatnsæðar.....	8
4.	BORHOLUMÆLINGAR.....	16
5.	ÞREPAPRÓFUN	23
6.	HEIMILDIR	26
	VIÐAUKI 1: Gýrósmælingar í holu HE-3.....	27
	VIÐAUKI 2: Upphafleg uppröðun borstrengs í 3. áfanga HE-3	33
	VIÐAUKI 3: Dagskýrslur úr þriðja áfanga He-3	35

TÖFLUR

Tafla 1.	<i>Borun vinnsluhluta með 8½" borkrónu.</i>	7
Tafla 2.	<i>Stakar gýrósmælingar í borun 3. áfanga.</i>	7
Tafla 3.	<i>Vatnsæðar í vinnsluhluta holu HE-3.....</i>	9
Tafla 4.	<i>Fóðrunarskýrsla 3. áfanga borunar HE-3.</i>	14
Tafla 5.	<i>Yfirlit borholumælinga.</i>	16
Tafla 6.	<i>Samfelldar gýrósmælingar (G2) í holu HE-3. Færsla eftir sniði er reiknuð eftir línu sem stefnir 348°.</i>	27

MYNDIR

Mynd 1.	<i>Gangur borunar 3. áfanga holu HE-3.</i>	10
Mynd 2.	<i>Jarðlög og mælingar í borun.</i>	11
Mynd 3.	<i>Hitaferill ummyndunar og tímaröðun útfellinga.</i>	13
Mynd 4.	<i>Hitamælingar 31. júlí og 2. ágúst 2001.</i>	18
Mynd 5.	<i>Hitamælingar 6. ágúst 2001, þegar bordýpi var 1461 m.</i>	19
Mynd 6.	<i>Þrepapróf 6. og 14. ágúst 2001 á 1430 m dýpi.</i>	19

Mynd 7. <i>Þrýstimæling 6. og 14 ágúst 2001 innan fóðringar.</i>	20
Mynd 8. <i>Hitamælingar eftir að borun holu HE-3 lauk.</i>	21
Mynd 9. <i>Jarðlagamælingar.</i>	22
Mynd 10. <i>Þrepaprófun á 700 m dýpi.</i>	24
Mynd 11. <i>Þrýstimælingar með dýpi í þrepaprófun.</i>	24
Mynd 12. <i>Þrepapróf 17. ágúst 2001, á 1430 m dýpi.</i>	25
Mynd 13. <i>Lega holu HE-3 samkvæmt samfelldum gýrómælingum í holunni. Til viðmiðunar er sýnt hvernig hönnunarforsendur gerðu ráð fyrir að holan lægi (stefna $345^\circ \pm 10^\circ$, lokahalli 35°).</i>	32

1. INNGANGUR

Hola HE-3 er sú fyrri af tveimur djúpum rannsóknarholum sem Orkuveita Reykjavíkur lætur bora á Helliheiði á þessu ári. Holan er staðsett undir suðurhlíðum Stóra-Skarðsmýrarfjalls, við jaðar 2000 ára Hellsheiðarhrauns, og er sú fyrsta sem boruð er sunnan Hengilsins. Holan er skáhole og er henni ætlað að ná rúmlega 800 m í norðlæga átt inn undir Skarðsmýrarfjall.

Allar dýptartölur í skýrslunni eru miðaðar við drifborð Jötuns, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Fjarlægð frá kjallarabrunn upp á efri brún drifborðs er 6,86 m.

Í skýrslunni er fyrst fjallað um helstu atriði í þriðja áfanga borverks, en síðan fjallað stuttlega um jarðfræði holunnar, ummyndun og vatnsæðar. Þá er fjallað um þær borholumælingar sem gerðar voru í holunni. Dagskýrslur, sem gefnar voru út meðan á borun stóð, fylgja skýrslunni í viðauka 3. Er þar oft að finna nánari lýsingu á borverkinu frá degi til dags heldur en gefin er í úrdrætti borsögunnar í kafla 2.

Áður hafa komið út tvær skýrslur um fyrri tvo áfangana (Hjalti Franzson o.fl. 2001, Sigurður Sveinn Jónsson o.fl. 2001).

Borverkið við holu HE-3 er unnið af Jarðborunum hf. samkvæmt verksamningi við Orkuveitu Reykjavíkur, en rannsóknarþátturinn er unninn af Rannsóknasviði Orkustofnunar samkvæmt samningi við Orkuveitu Reykjavíkur frá 24. júlí 2001. Forsendum fyrir staðsetningu og hönnun holunnar er lýst í greinargerð Orkustofnunar frá 15. júní 2001 (Benedikt Steingrímsson o.fl., 2001).

2. BORSAGA

Á mynd 1 eru helstu atriði borsögunnar sett fram á myndrænan hátt þar sem tímaferill holunnar er sýndur sem fall af dýpi. Borun er einnig sýnd í töflu 1. Þriðji áfangi borunarinnar hófst þann 30. júlí og honum lauk þann 20. ágúst, er mastur var fellt.

Samkvæmt venju telst áfanginn byrja með því að borstrengur er settur í holu til að bora út steypu eftir að öryggislokum hefur verið komið á vinnslufóðringu. Sá borstrengur var með venjubundnu sniði, og var notuð 8 ½" króna í fararbroddi. Að því loknu var tekið upp og hitamælt í fóðringu til að kanna hitaástand holunnar innan fóðringar áður en hinn eini sanni borstrengur var settur í holuna (sjá töflu í viðauka 2). Sá borstrengur var með bormótor og voru einnig í honum þrír rýmarar, sem gera áttu borstrenginn það stífan að hann héldi sömu stefnu og halla í vinnsluhluta holunnar (stefna 345° og halli 35°). Í upphafi var borað með um 15.000 punda álagi, 40 l/s dælingu og með um 60 sn/mín á borstreng. Að venju knýr skolvatnið bormótor sem snýr krónunni aukalega um 120 sn/mín. Berg reyndist afar lint (sundursoðið móbergstúff) og var borhraði því hár, yfirleitt 20-40 m/klst. Þessi háí borhraði varð til þess að bormenn ákváðu að koma öllu svarfi til yfirborðs eftir hverja boraða stöng. Það leiddi síðan til þess að boruð var 1 stöng á hverri klukkustund og var meira en helmingi þess tíma varið í skolun svarfs úr holunni.

Þar sem menn vildu vera vissir um að borstrengurinn héldi halla og stefnu, var ákveðið að sannreyna það með gýrómælingu. Var það gert á 881 m dýpi og reyndist stefnan vera 346°, en hallinn hafði minnkað um eina gráðu. Aftur var mælt í 986 m dýpi, og sýndi sú mæling að hallinn hafði minnkað niður í tæpa 31° og stefnan breyst í 341°. Þótti þá sýnt að strengurinn héldi ekki halla og var ákveðið að taka strenginn upp úr holu og taka út miðstýringuna, en við það myndi strengurinn sýna meiri viðleitni til að halda og jafnvel byggja upp halla. Auk þess skyldi álagi á krónu aukið úr 15.000 í 20.000 pund. Hitamælt var í holunni áður en endurröðuðum streng var rennt niður (sjá kafla 0). Enn var hallamælt í 1080 m dýpi, og var það gert til að sannreyna hvort breytingin á strengnum hefði þau áhrif að hola héldi halla. Reyndist svo vera. Síðasta gýrómælingin var gerð í 1255 m dýpi, og var enn gerð til að kanna hvort holan héldi stefnu og halla. Reyndist hallinn frá lóðréttu hafa aukist lítillega en stefnan sveigst meira til norðurs og reyndist 356°. Var þessi mæling frekari sönnun þess að holan væri að byggja upp halla. Ekki var unnt að bregðast við sveigju holunnar til norðlægarí áttar. Niðurstöður stakra gýrómælinga í þessum boráfanga eru sýndar í töflu 2.

Eins og sýnt er á mynd 1 stöðvaðist borun í tvígang vegna bilana á bortækjum. Í fyrra skiptið þegar holan var um 1260 m djúp en þá kom fram bilum í rafbúnaði, og í það seinna bilaði spil borsins þegar holan var um 1713 m djúp. Í bæði skiptin var strengur hífður upp í fóðringu og ádæling sett á meðan gert var við. Á um 1460 m dýpi var ákveðið að lyfta streng upp í um 1280 m til að rýma holuna þaðan og niður. Allt að 200.000 punda tog þurfti á köflum til að hífa strenginn, og þótti það óvenjulegt. Var ákveðið að taka strenginn allan upp og athuga ástand hans. Er upp kom reyndist krónan hafa misst fjölda karbíta auk þess að vera óvenjulega mikið eydd að ofan. Þóttu mönnum líklegt að járnútúr(ar) væri(u) í holunni sem þvældust við krónuna og hefðu valdið þessum skemmdum á henni. Var settur niður borstrengur með sterkum segli á endanum og ruslakörfu þar ofan við. Farnar voru 2 ferðir niður á botn og komu tveir járnútúr í þeirri fyrri en ekkert í þeirri seinni. Þótti sýnt að skemmdirnar á krónunni hefðu orsakast af tilveru þessara járnstykkja. Eins og getið er um í kafla 0 var gerð stutt þrepaprófun í opinni holu meðan á þessum aðgerðum stóð.

Borun var hætt í 1887 m eins og eins og greint er hér að neðan var það vegna hás snúningsvægis. Skolað var í 2 klst. Hitamælingum í stöngum var sleppt vegna hættu á festu því samfara, og var því farið beint í upptekt borstrengs. Að því loknu var hitamæli slakað í holu til að kanna ástand holunnar og vatnsæðar. Í ljós kom að neðsta æð holunnar var á 1856 m dýpi, og ljóst að holunni væri unnt að halda kældri með ádælingu. Gerð var styttri þrepaprófun til að kanna lekt holunnar (sjá kafla 5) og var þrýsti- og hitaskynjara komið fyrir á um 1430 m dýpi. Að þessum mælingum loknum voru borstöngum slakað í holu og gerð samfelld gýrómæling í holunni (sjá viðauka 1). Að henni lokinni var dælt 45 l/s á holuna í gegnum strenginn í 8 klst. til að freista þess að örva lekt holunnar enn meir. Þá var borstrengur tekinn úr holu og jarðlagamælingar gerðar af Rannsóknasviði Orkustofnunar, og er þeim lauk hófst fóðrun holunnar með 7" raufuðum leiðara (sbr. tafla 4). Ekki tókst að koma leiðara neðar en í 1800,8 m dýpi vegna óþekktrar fyrirstöðu og er efri brún leiðarans í 707,4 m dýpi frá flansi holunnar. Fóðring nær því ekki niður á dýpstu æðina í 1856 m, en þess er vænst að hún haldist opin þrátt fyrir það, enda tæplega 40 m sokkur neðan við hana sem hýst gæti svarf sem leitaði þangað niður úr æðum holunnar. Þó skal tekið fram að aðeins um 3" gat er í botni

leiðarans, og er það ábending til þeirra, sem ætla sér að framkvæma mælingar í dýpsta hluta holunnar í framtíðinni.

Næst var þrepaðeling á dagskrá og voru borstangir settur niður á um 400 m dýpi. Erfiðlega gekk að koma hita- og þrýstimæli með miðjustilli niður í leiðarann. Var meðal annars sótt blýlóð en allt kom fyrir ekki, og var talið að einhver hlutur hefði fallið í holuna og sæti ofan á leiðaranum. Einnig virtist vatnsborð í holunni liggja nokkuð hærra en áður hafði mælst og var það í fyrstu talið vísbending um téða fyrirstöðu. Var af þeim sökum byrjað að þrepaðæla með hita- og þrýstiskynjara á um 700 m dýpi. Tilraunir héldu áfram við að koma mælum niður í leiðarann, og tókst það að lokum. Eins og getið er um í kafla 0 kom fram loftpoki í vatnssúlu holunnar, sem stafaði af lofti sem ádælingin greip með sér og hélt föngnu í niðurstreyminu. Var það talin líklegri skýring á hærra vatnsborði en að um fyrirtöðu væri að ræða. Þegar ljóst var að mælir kæmist niður í leiðarann var þrepaþrófun endurtekin í 1430 m. Fyrstu niðurstöður hennar gáfu til kynna að holan hafði batnað dável eins og getið er um í kafla 5. Að þrepaþrófun lokinni voru stangir teknar úr holu og bormenn fóru að búa sig til flutnings á næstu holu, HE-4. Látið var leka á holuna meðan á flutningi borsins stóð allt til um miðjan dag 24. ágúst til að örva hana enn meir.

Eitt meginvandamál við borun þessarar skáholu var snúningsvægið (torque) á strengnum, og reyndist það vera ráðandi í ákvörðun um stöðvun borunar í 1887 m. Reynt var með öllum tiltækum ráðum að lágmarka það, og var hver stöng rýmuð tvisvar í dýpri hluta holunnar. Þar að auki voru stærri dýptarbil rýmuð sérstaklega. Í lok borunar var snúningsvægið komið í um 600 Amper. Efri mörk snúningsvægisins er um 800 Amper, og var talið að 600 A væri það mesta sem ráðlegt væri að nota í venjubundinni borun.

Í lok borunarinnar þurfti um 200.000 punda tog til að hreyfa við strengnum upp á við, en þyngd hans var aðeins um 130.000 pund. Þyngd strengsins þegar hann var látinn síga niður í holu reyndist 100.000 pund.

Eftir að skoltap varð algert neðan 1214 m dýpis var fylgst sérstaklega með botnfalli í holunni, og var það gert á um 20 m bili. Reyndist botnfall nánast ekkert í allri boruninni, sem merkti að æðarnar gleyptu allt svarf sem til féll.

Bormenn mældu skoltap á um 4 klst. fresti ásamt dælingu, dæluþrýstingi og hita skolvatns, og eru þær mælingar sýndar hægra megin við jarðlagasniðið á mynd 2. Fyrsta skoltapið varð rétt neðan við fóðringu, annað á um 970 m dýpi þar sem vart varð við megna gasfýlu í smátíma, og það þriðja og stærsta varð á um 1214 m dýpi. Reynt var að fylgjast með breytingu á skolvatnsþrýstingi eftir að skoltap varð algert, en ekki komu fram neinar ákveðnar vísbendingar úr þeim gögnum um að æð hefði verið skorin.

Tafla 1. Borun vinnsluhluta með 8½" borkrónu.

Dagur	Borun (m)	Bortími (klst.)	Meðalborhr. (m/klst.)	Tími á bor-krónu (klst.)	Dýpi (m)	Athugasemdir
31. júl.						Borun í steypu
1. ág.	98	5	19,6	5	910	
2. ág.	117	6	19,5	11	1027	
3. ág.	184	6,5	28,3	21,5	1211	
4. ág.	69	2	34,5	19,5	1280	
5. ág.	181	9	21,1	33,0	1461	
9. ág.	139	11,5	12,1	11,5	1600	
10. ág.	113	13	8,7	24,5	1713	
12. ág.	125	8	15,6	32,5	1838	
13. ág.	49	4	12,3	36,5	1887	

Tafla 2. Stakar gýrósmælingar í borun 3. áfanga.

Dags.	Dýpi (m)	Halli°	Stefna°
1. ág.	881	34,04	346,4
2. ág.	980	30,98	341
3. ág.	1081	31	350
4. ág.	1255	31,14	356,6

3. JARÐFRÆÐI, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR

Svarfsýni voru tekin á tveggja metra fresti eins og venja er við boranir. Sýnin voru greind samhliða borun, bæði jarðlög og ummyndun, og stuðst við niðurstöður greiningar við frekara áframhald. Á mynd 2 er jarðlagasnið og borhraði sýnd ásamt mælingum á skoli meðan á borun stóð.

3.1. Jarðlög

Jarðlagasniðið nær niður á um 1214 m dýpi þar sem algert skoltap kom í holuna. Holan þéttist aðeins í áframhaldandi borun og náðust upp fáein sýni af afar fingerðu svarfi niður á rúma 1400 m dýpi, sem erfitt reyndist að greina og er ekki sett túlkun á þeim sýnum inn á jarðlagasniðið. Jarðlögum er skipt í tvær meginæiningar; frá um 800 m niður á um 960 m dýpi er túff ráðandi. Neðan þess er bergið breytilega kristallað og er það túlkað sem ráðandi bólstraberg og bólstrabreksíur. Báðar bergeiningarnar eru áberandi plagíóklasfílóttar, og er mögulegt að allur staflinn á þessu dýptarbili tilheyri einni og sömu móbergsm myndun þar sem túff ríkir í efri hlutanum en bólstrakenndara berg í þeim neðri.

Ekki verður á þessu stigi farið í nána túlkun á jarðfræði holunnar neðan 1200 m á grundvelli jarðlagamælinga (mynd 9), nema að nifteindadreifing verður mun breytilegri og á það við viðnámsmælingar einnig ásamt því að meðalgildin fara hækkandi. Hvort

tveggja gæti bent til að í jarðlagastaflanum verði hraunlög meira ráðandi er neðar dregur ásamt því að innskot sé þar einnig að finna. Gerð verður nánari grein fyrir jarðfræðilegri úrvinnslu mælinganna í lokaskýrslu holunnar. Athyglisvert er að gammamæling sýnir áberandi útslög á um 7 stöðum í holunni, og eru 5 þeirra neðan 1700 m dýpis en tvö eru milli 1250-1350 m dýpi. Er líklegt talið að þessar bergeiningar séu ísúrar til súrar og líklegast innskot, svipað og fundist hefur í jarðhitakerfi Nesjavalla. Er gamma-frávikið svipað og mælist í þeim innskotum í Nesjavallakerfinu.

3.2. Ummyndun

Ummyndun, líkt og jarðlagagreining, nær niður í rúma 1200 m. Bergið er í heildina séð mjög ummyndað. Vart hafði orðið við epidót rétt ofan við 800 m dýpi, en það var í tiltölulega litlu magni allt niður á um 970 m dýpi þar sem það verður fyrst algengt og á svipuðu dýpi fannst wollastonít. Voru báðar þessar steindir algengar neðan þess dýpis. Prenít reyndist mjög algeng útfelling, jafnvel algengari en fundist hefur í Nesjavallaholunum. Kalsít er algeng útfelling niður á um 1000 m dýpi, en minnkar þar umtalsvert og neðan um 1120 m dýpis hverfur það nánast.

Hitaferill ummyndunar hefur verið dreginn fyrir holuna niður á rúma 1200 m á grundvelli núverandi þekkingar og er hann sýndur á mynd 3. Á myndinni má einnig sjá líklega röðun útfellinga eins og hún sést í þunnsneiðum allt niður á um 800 m dýpi. Við fyrstu sýn virðist steindaröðun svipa til þeirrar sem greindist á Nesjavöllum, þ.e. að zeólítar falla út í fyrri hluta tímaskeiðsins, en þeir verða síðan að hluta til kvarsí og wairakíti að bráð þegar jarðhitakerfið hitnar upp. Kalsít er síðasta steindin sem fellur út í kerfinu ofan 1000 m dýpis líkt og á Nesjavöllum. Engar þunnsneiðar hafa verið gerðar af svarfi neðan 800 m dýpis. Útfellingaröðun byggð á svarfsjárskoðun neðan 800 m dýpis bendir til að epidót sé tiltölulega aldurniggið, þar sem ofan á það leggst prenít, en enn yngri er wollastonít. Í einu tilviki sést kalsít leggjast ofan á epidót. Ef wollastonít, sem fellur út við meira en 270°C, er yngsta útfellingin í neðri hluta jarðhitakerfisins, er bjartsýni ríkjandi um að hiti jarðhitakerfisins sé hár.

3.3. Vatnsæðar

Vísbendingar um vatnsæðar fást aðallega á grundvelli skoltapsmælinga bormanna, breytinga á dæluprýstingi eftir að skoltap er orðið algert, og síðast en ekki sízt á grundvelli hitamælinga við mismunandi aðstæður í holunni. Vatnsæðum er til bráðabirgðan skipt í þrjá hópa, smá æðar án undirstrikunar, meðalæð undirstrikuð og stór æð er feitletruð (tafla 3). Frekari úttekt á stærð og nákvæmari staðsetningum vatnsæðanna verður gerð í lokaúrvinnslu. Fyrsti samanburður vatnsæða við jarðlagamælingar (mynd 9) benda til að æðin á um 1245 m liggi rétt ofan við áberandi gammaútslag (ísúrt "innskot"), æðin á um 1303 m kemur fram við efra borð basaltinnskots (óvenju hátt viðnám, og lágur poruhluti), en það liggur beint ofan á áberandi gammafráviki (ísúru innskoti). Ekki er við fyrstu sýn ljósar jarðfræðilegar aðstæður vatnsæðanna milli 1380--1500 m dýpis, en taka skal það fram að mögulega er borholan að fara þar í gegnum misgengisflötinn sem stefnt var á í borholuáætluninni. Æðin á um 1856 m dýpi kemur fram við neðra borð ísúrs berglags.

Tafla 3. *Vatnsæðar í vinnsluhluta holu HE-3*

1. Dýpi	Gögn	Dýpi	Gögn
2. 812 m	Hitamæl., skoltap	<u>6. 1380-1390</u> m	Hitamæling, skápur
<u>2. 975-990</u> m	Skoltap, hitamæling	<u>7. 1470-1480</u> m	Hitamæling
3. 1214 m	Skoltap	8. 1690 m ?	Hitamæling
<u>4. 1245</u> m	Hitamæling.	9. 1856 m	Hitamæling, skápur
<u>5. 1303</u> m	Hitamæling.		




ORKUSTOFNUN
ROS

Hellisheiði HE-03

3. áfangi

HF/SSJ/BG
20-08-2001

Verkdagar



Mynd 1. Gangur borunar 3. áfanga holu HE-3.



ORKUSTOFNUN
Rannsóknasvið

Borgögn HE-03 Hellisheiði


17. ágúst 2001

Staður: Hellisheiði
Holunafn: HE-03


Bor: Jótunn
Dýptarbil: 812 - (1837) m

Skolvökvi: Vatn
Verkhluti: 3. áfangi


Staðarnúmer: 95103
Starfsmenn: HF/SSJ o/ÁsG/BG



Mynd 2. Jarðlög og mælingar í borun.



Mynd 2. Frh.



Mynd 3. Hitaferill ummyndunar og tímaröðun útfellinga.

Tafla 4. Fóðrunarskýrsla 3. áfanga borunar HE-3.

JARÐBORANIR FÓÐRUNARSKÝRSLA Eyðublað nr. 68-051																																																																																																																																
Verk nr. 42678	Hola nr. HE-3	Borstaður Hellisheiði	Bor Jötunn	Verkkaupi Orkuveita Reykjavíkur																																																																																																																												
Vidd holu 8 1/2"	Dýpt holu mv. drifborð 1887	Fóðring nr. 4	Fóðrun framkv. dags. 15-16. 08. 2001.	Útfyllt af: B.G.																																																																																																																												
Holudýpi frá flangsi1,879.74 mFóðringard. frá fl.1,800.78 m				Röratáling <table><thead><tr><th>LENGD</th><th>NR</th><th>MS</th><th>ALLS m</th></tr></thead><tbody><tr><td colspan="3">Upphengi er í</td><td>707.37</td></tr><tr><td>0.86</td><td>Hengistk</td><td></td><td>708.23</td></tr><tr><td>13.62</td><td>1</td><td>R</td><td>721.85</td></tr><tr><td>13.57</td><td>2</td><td>R</td><td>735.42</td></tr><tr><td>13.42</td><td>3</td><td>R</td><td>748.84</td></tr><tr><td>13.28</td><td>4</td><td>R</td><td>762.12</td></tr><tr><td>13.52</td><td>5</td><td>R</td><td>775.64</td></tr><tr><td>13.70</td><td>6</td><td>R</td><td>789.34</td></tr><tr><td>13.30</td><td>7</td><td>R</td><td>802.64</td></tr><tr><td>13.43</td><td>8</td><td>R</td><td>816.07</td></tr><tr><td>13.47</td><td>9</td><td>R</td><td>829.54</td></tr><tr><td>13.62</td><td>10</td><td>R</td><td>843.16</td></tr><tr><td>13.46</td><td>11</td><td>R</td><td>856.62</td></tr><tr><td>13.41</td><td>12</td><td>R</td><td>870.03</td></tr><tr><td>13.40</td><td>13</td><td>R</td><td>883.43</td></tr><tr><td>13.15</td><td>14</td><td>R</td><td>896.58</td></tr><tr><td>13.43</td><td>15</td><td>R</td><td>910.01</td></tr><tr><td>13.21</td><td>16</td><td>R</td><td>923.22</td></tr><tr><td>13.33</td><td>17</td><td>R</td><td>936.55</td></tr><tr><td>13.35</td><td>18</td><td>R</td><td>949.90</td></tr><tr><td>12.88</td><td>19</td><td>R</td><td>962.78</td></tr><tr><td>13.38</td><td>20</td><td>R</td><td>976.16</td></tr><tr><td>13.55</td><td>21</td><td>R</td><td>989.71</td></tr><tr><td>13.15</td><td>22</td><td>R</td><td>1002.86</td></tr><tr><td>13.11</td><td>23</td><td>R</td><td>1015.97</td></tr><tr><td>13.46</td><td>24</td><td>R</td><td>1029.43</td></tr><tr><td>13.35</td><td>25</td><td>R</td><td>1042.78</td></tr><tr><td>11.26</td><td>26</td><td>R</td><td>1054.04</td></tr><tr><td>11.13</td><td>27</td><td>R</td><td>1065.17</td></tr><tr><td>13.28</td><td>28</td><td>R</td><td>1078.45</td></tr></tbody></table>	LENGD	NR	MS	ALLS m	Upphengi er í			707.37	0.86	Hengistk		708.23	13.62	1	R	721.85	13.57	2	R	735.42	13.42	3	R	748.84	13.28	4	R	762.12	13.52	5	R	775.64	13.70	6	R	789.34	13.30	7	R	802.64	13.43	8	R	816.07	13.47	9	R	829.54	13.62	10	R	843.16	13.46	11	R	856.62	13.41	12	R	870.03	13.40	13	R	883.43	13.15	14	R	896.58	13.43	15	R	910.01	13.21	16	R	923.22	13.33	17	R	936.55	13.35	18	R	949.90	12.88	19	R	962.78	13.38	20	R	976.16	13.55	21	R	989.71	13.15	22	R	1002.86	13.11	23	R	1015.97	13.46	24	R	1029.43	13.35	25	R	1042.78	11.26	26	R	1054.04	11.13	27	R	1065.17	13.28	28	R	1078.45
LENGD	NR	MS	ALLS m																																																																																																																													
Upphengi er í			707.37																																																																																																																													
0.86	Hengistk		708.23																																																																																																																													
13.62	1	R	721.85																																																																																																																													
13.57	2	R	735.42																																																																																																																													
13.42	3	R	748.84																																																																																																																													
13.28	4	R	762.12																																																																																																																													
13.52	5	R	775.64																																																																																																																													
13.70	6	R	789.34																																																																																																																													
13.30	7	R	802.64																																																																																																																													
13.43	8	R	816.07																																																																																																																													
13.47	9	R	829.54																																																																																																																													
13.62	10	R	843.16																																																																																																																													
13.46	11	R	856.62																																																																																																																													
13.41	12	R	870.03																																																																																																																													
13.40	13	R	883.43																																																																																																																													
13.15	14	R	896.58																																																																																																																													
13.43	15	R	910.01																																																																																																																													
13.21	16	R	923.22																																																																																																																													
13.33	17	R	936.55																																																																																																																													
13.35	18	R	949.90																																																																																																																													
12.88	19	R	962.78																																																																																																																													
13.38	20	R	976.16																																																																																																																													
13.55	21	R	989.71																																																																																																																													
13.15	22	R	1002.86																																																																																																																													
13.11	23	R	1015.97																																																																																																																													
13.46	24	R	1029.43																																																																																																																													
13.35	25	R	1042.78																																																																																																																													
11.26	26	R	1054.04																																																																																																																													
11.13	27	R	1065.17																																																																																																																													
13.28	28	R	1078.45																																																																																																																													
FÓÐRING	Gerð	K-55	Þyngd	26 lbs/ft																																																																																																																												
	Utanmál	7"	Innanmál	159.4 mm																																																																																																																												
	Veggþykkt	9.19 mm	Pöntunar nr.																																																																																																																													
	Tengi	AMS og Buttress																																																																																																																														
	Flangs	Leiðari hangir í Burns upphengi í 707,37m frá flangsi																																																																																																																														
	Stungutengi																																																																																																																															
	Skór	Stýriskór																																																																																																																														
	Miðjustillar	stk	Steyputappar	stk																																																																																																																												
STEYPIG	Steypa 1 þurrefni	kg	Tafefni	kg																																																																																																																												
	Eðlisþyngd	kg/l	Steypingartími	mín																																																																																																																												
	Steyputæki																																																																																																																															
	Steypa kom upp	?	Eðlisþyngd steypu upp	kg/l																																																																																																																												
	Eftirdæling	ltr	Eftirdæling	mín																																																																																																																												
	Steypa 2 þurrefni	kg																																																																																																																														
	FRÁGANGUR	Dýpi á steypu utan röra	m	Steypt utan með eftir	klst																																																																																																																											
Steypa þurrefni		kg	Skorið ofan af eftir	klst																																																																																																																												
Dýpi á steypu í röri		m	Steypa boruð eftir	klst																																																																																																																												
ATHUGASEMDIR																																																																																																																																
Neðstu 19 rörinn eru með AMS gengjum eitt breittirör á milli með AMS í Buttress																																																																																																																																
62stk efstu með Buttress gengjum																																																																																																																																
R stendur fyrir að rörin eru boruð																																																																																																																																
Leiðarinn er 78,96m frá botni en á að vera 20 m frá botni																																																																																																																																
Leiðari lenti í fyrirstöðu á leiðinni niður . Reynt var að hýfa og slaka til skiptis en ekki																																																																																																																																
Vildi leiðarinn hrefast með góðu svo það var ákveðið að slepa honum þar sem hann sat																																																																																																																																

Tafla 4. Frh.



JARÐBORANIR

FÓÐRUNARSKÝRSLA

Framhaldseyðublað nr. 68-051

Verk nr. 42678	Hola nr. HE-3	Borstaður Hellisheiði	Fóðring nr. 4	Blaðsíða nr. 2
-------------------	------------------	--------------------------	------------------	-------------------

RÖRATALNING			
LENGD	NR.	MS	ALLS m
13.32	29	R	1,091.77
13.19	30	R	1,104.96
12.80	31	R	1,117.76
13.24	32	R	1,131.00
13.10	33	R	1,144.10
12.88	34	R	1,156.98
13.40	35	R	1,170.38
13.97	36	R	1,184.35
13.44	37	R	1,197.79
13.31	38	R	1,211.10
13.15	39	R	1,224.25
13.27	40	R	1,237.52
13.17	41	R	1,250.69
10.90	42	R	1,261.59
11.18	43	R	1,272.77
13.22	44	R	1,285.99
12.97	45	R	1,298.96
13.23	46	R	1,312.19
13.24	47	R	1,325.43
13.72	48	R	1,339.15
13.50	49	R	1,352.65
13.54	50	R	1,366.19
13.38	51	R	1,379.57
13.22	52	R	1,392.79
12.96	53	R	1,405.75
13.52	54	R	1,419.27
13.37	55	R	1,432.64
13.20	56	R	1,445.84
13.57	57	R	1,459.41
13.82	58	R	1,473.23
12.61	59	R	1,485.84
13.20	60	R	1,499.04

RÖRATALNING			
LENGD	NR.	MS	ALLS m
13.41	61	R	1,512.45
13.46	62	R	1,525.91
13.80	63	R	1,539.71
13.70	64	R	1,553.41
13.90	65	R	1,567.31
13.56	66	R	1,580.87
13.90	67	R	1,594.77
13.90	68	R	1,608.67
13.36	69	R	1,622.03
13.84	70	R	1,635.87
13.70	71	R	1,649.57
13.60	72	R	1,663.17
13.38	73	R	1,676.55
13.67	74	R	1,690.22
13.90	75	R	1,704.12
13.77	76	R	1,717.89
13.84	77	R	1,731.73
13.78	78	R	1,745.51
13.86	79	R	1,759.37
13.92	80	R	1,773.29
13.62	81	R	1,786.91
13.62	82	R	1,800.53
0.25	Skór		1,800.78

4. BORHOLUMÆLINGAR

Borholumælingar í 3. áfanga eru sýndar í töflu 5. Þær hófust þann 31. júlí á því að gerð var samfelld gýrómæling (G2) í fódðringu, eftir að steypa og steypuskór höfðu verið boruð út og borstrengur tekinn upp. Niðurstöður þeirra samfelldu gýrómælinga, sem gerðar voru í 3. áfanga eru sýndar í töflu 6 og á mynd 13 (viðauki 1). Eftir gýrómælinguna var síðan hitamælt til að kanna hita áður en bormótur færi í holuna. Niðurstöður hitamælinganna eru sýndar á mynd 4. Hiti á 800 m var rúmlega 100°C og upphitun um 10°C/klst. Ljóst var að “mjólka” þurfti strenginn niður neðan 500 m dýpis.

Tafla 5. Yfirlit borholumælinga.


Dags.	Tími	Mæling	Dýptarbil	Tilgangur	Skrá	Athugasemdir
31-7-2001	20-22	Gýró	0–800	Holustefna		Samfelld (G2) mæling
31-7-2001	22:50–23:15	Hiti	22–800	Upphitun	H200107312250	Í fódðringu, e. borun steypu.
31-7-2001	23:18–23:39	Hiti	800	Upphitun	T200107312318	Í fódðringu, e. borun steypu.
31-7-2001	23:39–00:00	Hiti	800-0	Upphitun	H200107312339	Í fódðringu, e. borun steypu.
1-8-2001	22:40–23:45	Gýró	881	Holustefna		Incl.=34,04° Az.=346,6°
2-8-2001	12:45–13:45	Gýró	986	Holustefna		Incl.=30,98° Az.=341°
2-8-2001	16:27–16:54	Hiti	30–1010	Upphitun	H200108021627	Q=-4 l/s
2-8-2001	16:55–17:20	Hiti	1010	Upphitun	T200108021655	Q=-4 l/s
2-8-2001	17:20–17:36	Hiti	1010–8	Upphitun	H200108021720	Q=-4 l/s
3-8-2001	12:00–14:00	Gýró	1081	Holustefna		Incl.=30,85° Az.= 350,2°
4–5-8-2001	23:35–00:35	Gýró	1255	Holustefna		Incl.=31,14°; Az.=356,6°
6-8-2001	15:07–15:53	Hiti	20–1460	Æðar	H200108061507	Q=-26,8 l/s
6-8-2001	16:18–17:05	Þrýstingur	1430	Þrepapróf	P200108061618	Q breytt úr -26,8 í -41 l/s
6-8-2001	17:15–17:38	Hiti	800–1461	Æðar	H200108061715	Q=-41 l/s
6-8-2001	17:50–18:13	Þrýstingur	800–10	Vatnsborð	P200108061750	Q=-41 l/s, vb=100–110 m
13-8-2001	22:50–23:57	Hiti	40–1887	Æðar	H200108132250	Q=-26,6 l/s
14-8-2001	00:25–00:56	Þrýstingur	30–800	Vatnsborð	P200108140025	Q=-26,6 l/s, vb ~200 m
14-8-2001	01:28–03:10	Þrýstingur	1430	Þrepapróf	P200108140128	Q breytt úr -26,6 í -41,5 l/s
14-8-2001	03:21–03:33	Þrýstingur	800–20	Vatnsborð	P200108140321	Q=-41,5 l/s, vb ~130–140 m
14-8-2001	10:20–12:40	Gýró	750–1860	Holustefna		Samfelld mæling, G2
15-8-2001	03:47–04:35	Hiti	20–1887	Æðar	H200108150347	Q=-45 l/s
15-8-2001	06:00–07:44	Nifteindir	1887–760	Jarðlög	N200108150600	
15-8-2001	06:00–07:44	Gamma	1887–760	Jarðlög	G200108150600	
15-8-2001	08:54–10:06	XY-vídd	1877–130	Holuvídd	X/Y20010815085	
15-8-2001	11:25–12:00	Viðnám	1887–800	Jarðlög	S/L20010815112	SP var í metnun.

Tafla 5. Frh.

Dags.	Tími	Mæling	Dýptarbil	Tilgangur	Skrá	Athugasemdir
16-8-2001	18:39–19:30	Þrýstingur	25–715	Vatnsborð	P200108161839	Vb var milli 144 og 150 m dýpis.
16-8-2001	19:41–19:54	Þrýstingur	500–100	Vatnsborð	P200108161941	Mælir fór ekki ofan í leiðarann (715 m) þrátt fyrir mikið skak.
16-8-2001	21:00–21:30	Þrýstingur	50–720	Fyrirstaða	P200108162100	Einnig var reynt að fara niður með lóð, en án árangurs
16-8-2001	23:22–23:48	Þrýstingur	50–715	Fyrirstaða	P200108162322	
17-8-2001	00:01–03	Þrýstingur	700	Þrepapróf	P200108170001	Q breytt úr 20 í 32,1 l/s
17-8-2001	03:07–03:14	Þrýstingur	700–900?	Fyrirstaða	P200108170307	Q=32,1 l/s, mælir fór allavega niður fyrir 800 m dýpi.
17-8-2001	03:43–06:40	Þrýstingur	700	Þrepapróf	P200108170343	Q breytt úr 32,1 í 45 l/s
17-8-2001	06:40–07:05	Þrýstingur	680–950	Þrýstistigull	P200108170343	Q=45 l/s. Margar ferðir farnar upp og niður í fyrstu þrýsti-
17-8-2001	07:05–07:20	Hiti	700–1120	Hitastigull	H200108170705	mæl. til að sannfæra um að mælir færi greiðlega niður í leiðarann. Gas (loft) er milli ~800–850 m dýpis.
17-8-2001	07:23–07:41	Þrýstingur	1150–1320	Þrýstistigull	P200108170343	
17-8-2001	07:45–08:09	Hiti	1200–1800	Æðar	H200108170745	
17-8-2001	08:11–08:27	Þrýstingur	1800–1375	Þrýstistigull	P200108170811	
17-8-2001	08:31–11:21	Þrýstingur	1430	Þrepapróf	P200108170830	Q breytt úr 45 í 20 l/s
17-8-2001	11:27–14:33	Þrýstingur	1430	Þrepapróf	P200108171126	Q breytt úr 20 í 32,1 l/s
17-8-2001	14:41–17:50	Þrýstingur	1430	Þrepapróf	P200108171441	Q breytt úr 32,1 í 45 l/s
17-8-2001	17:50–18:25	Þrýstingur	1430–100	Vatnsborð	P200108171750	Q=45 l/s, vb=170 m.
17-8-2001	18:25–18:40	Þrýstingur	100–850	Þrýstistigull	P200108171825	Mælir fór greiðlega ofan í leiðara.
17-8-2001	18:40–19:05	Hiti	850–10	Hiti	H200108171840	Q=45 l/s

Að kveldi miðvikudagsins 1. ágúst var ákveðið að kanna stefnu og halla holunnar með gýrómælingu, en þá var dýpi hennar 910 m (mælt á 881 m dýpi). Niðurstöður þeirrar mælingar, ásamt öllum öðrum “single-shot” gýrómælingum í áfanganum, eru sýndar í töflum 2 og í athugasemdadálki í töflu 5, auk þess sem fjallað er um þær í kafla 2 og niðurstöðurnar dregnar saman í töflu 2. Næsta gýrómæling var gerð daginn eftir þegar bordýpi var 1020 m (mældýpi 986 m), en eftir þá mælingu var ákveðið að breyta borstrengnum og var hitamælt eftir upptekt hans og eru þær hitamælingar sýndar á mynd 4. Holan tók þá við 4–5 l/s og kældi ádælingin holuna niður í 990 m.

Föstudaginn 3. ágúst var enn á ný gýrómælt, en þá var bordýpi 1114 m (mældýpi 1081 m), en síðasta “single-shot” gýrómælingin var síðan gerð seint laugardagskvöldið 4. ágúst þegar bordýpi var 1280 m.




Mynd 4. Hitamælingar 31. júlí og 2. ágúst 2001.


Næst var mælt í holunni 6. ágúst eftir að borstrengur var tekinn upp úr holu þegar bordýpi var 1461 m, og eru niðurstöður þeirra mælinga sýndar á myndum 5–7. Mældur var hiti við 26,8 l/s ádælingu niður á botn (mynd 5), en síðan gert smá þrepapróf á 1430 m dýpi (mynd 6). Í þrepaprófinu var ádælingunni breytt úr 26,8 l/s í 41 l/s, og breyttist þrýstingur við það um ~7,1 bar, sem þýðir að gæfnisstuðull (B) holunnar þá var:

$$B = \frac{\Delta P}{\Delta Q} = \frac{7,1(\text{bar})}{14,1(\text{l/s})} \approx 5 (\text{m}/(\text{l/s})).$$


Þar með var fengið mat á gæfni holunnar sem hægt væri að nota til að sjá hvort hún batnaði við frekari borun. Eftir þrepaprófið var hola síðan hitamæld aftur neðan fóðringar við 41 l/s ádælingu (mynd 5), en hitamælingarnar sýna að ádælingin kælir holuna niður að æð á ~1435 m, þó lítið af ádælingunni fari niður fyrir æð á ~1405 m dýpi. Ádælingin fer meðal annars út í æð á ~1245 m dýpi, en einnig eru greinilegar æðar á ~1380 m og ~1405 m dýpi (sjá kafla 3.3 um vatnsæðar í holunni). Að lokum var mældur þrýstingur upp fóðringuna til að sjá hvar vatnsborð við 41 l/s ádælingu væri, en það reyndist vera á um 100–110 m dýpi (mynd 7).



Mynd 5. Hitamælingar 6. ágúst 2001, þegar bordýpi var 1461 m.




Mynd 6. Þrepapróf 6. og 14. ágúst 2001 á 1430 m dýpi.



Mynd 7. Þrýstimæling 6. og 14 ágúst 2001 innan fóðringar.

Engar fleiri mælingar voru síðan gerðar þangað til ákveðið var að hætta borun á 1887 m dýpi þann 13. ágúst 2001. Þá var borstrengur tekinn upp og hiti og þrýstingur mældur í opinni holu, svipað og gert hafði verið 6. ágúst. Hitamælingin sýndi að ádælingin kældi holuna vel niður á 1856 m, sjá mynd 8. Merki um æðar byrja að sjást neðan við ~1245 m, mest áberandi þó á ~1480 m dýpi og við botnæðina á 1856 m dýpi (sjá kafla 3.3, um vatnsæðar í holunni). Næst var þrýstingur mældur og byrjað á að athuga vatnsborð við 26,6 l/s ádælingu (sjá mynd 7). Það reyndist vera á um 200 m dýpi. Þá var farið með þrýstimælinn á 1430 m dýpi og þrepaprófið sem gert var 6. ágúst endurtekið (sjá mynd 6), þ.e. þrýstibreytingin var mæld þegar ádælingu var breytt úr 26,6 l/s í 41,5 l/s (6. ágúst var ádælingu breytt úr 26,8 l/s í 41 l/s). Í ljós kom að gæfnisstuðull (B) holunnar var nú ~4,4 m/(l/s), sem er breyting frá fyrra þrepaprófinu (B ~5,1 m/(l/s)), og þýðir að holan hefur aðeins bætt sig. Að lokum var þrýstingur mældur upp holuna í 41,5 l/s ádælingu og reyndist vatnsborð þá vera á ~130–140 m, en var 100–110 m 6. ágúst í 41 l/s ádælingu (sjá mynd 7).

Borstangir voru síðan settur niður til að hægt væri að gýrómæla holuna, og var það gert að morgni 14. ágúst, frá 750–1860 m dýpi, og eru þær mælingar sýndar í töflu 6 og mynd 13 (sjá viðauka 1). Þær mælingar sýna að stefna holunnar er innan þeirra skekkjumarka sem sett voru, en hallinn er heldur minni en lagt var upp með.




Mynd 8. Hitamælingar eftir að borun holu HE-3 lauk.

Jarðlagamælingar hófust síðan 15. ágúst kl. 03:47 þegar mældur var hiti í holunni við 45 l/s ádælingu. Að því loknu var náttúruleg gammageislun og nifteindir (NN) mældar, því næst vídd holunnar með XY-mæli og að lokum viðnám og sjálfspenna. Allar mælingarnar eru sýndar á mynd 9, auk þess sem hitamælingin er einnig sýnd á mynd 8 ásamt mælingunni sem gerð var 13. ágúst í 26,6 l/s ádælingu. Hitamælingin sýndi svipaða hluti og mælingin frá 13. ágúst, hola er heldur kaldari vegna meiri dælingar en lögun ferilsins er í megindráttum sá sami. NN- og gamma- og viðnámsmælingarnar sýna vel jarðlagaskipan í holunni, sérstaklega eru áberandi margir toppar í gamma-mælingunni neðan 1690 m, en gammageislunin er aðallega tengd kísilinnihaldi bergsins. Hér gætu toppar í gammamælingu tengst innskotum sem skera holuna, en oft eru vatnsæðar tengdar þeim. Helstu gammatopparnir eru á dýptarbilunum: 1690–1707 m, 1733–1745 m, 1785–1800 m, 1830–1845 m og 1850–1860 m.

Kvörðun X-arms víddarmælis er ekki alveg rétt, eins og sjá má á mæligildum innan fóðringar, en samt má ætla að hola sé nánast slétt, og engir verulegir skápar sjást í henni.

Síðasta mælisyrpan sem framkvæmd var í holunni var síðan þrepaprófun, og er fjallað um hana í næsta kafla.



Mynd 9. Jarðlagamælingar.


5. PREPAPRÓFUN

Leiðari var settur í holuna 15.–16. ágúst, en komst ekki nema í ~1807 m dýpi, og þar sem hann er 1092 m á lengd er efri endi hans á um 715 m dýpi. Þann 16. ágúst kl. 18 var tekið til við að þrepaprófa holuna, en þá hafði verið 20 l/s ádæling síðan kl. 13.


Hófst prófunin kl. 18:39 með þrýstimælingu niður holuna til að finna vatnsborð, sem reyndist vera á um 150 m, en þegar komið var að leiðaranum (~715 m) reyndist ómögulegt að koma mælinum neðar, jafnvel þótt ítrekað væri keyrt niður með mælinn á fullri ferð. Um sambyggðan hita- og þrýstimæli er að ræða og var fjaðrandi búr framan á mælinum, sem átti að stýra honum fram hjá hvössum brúnum, t.d. enda leiðarans. Allt kom þó fyrir ekki, og var þá reynt að setja niður þungt lóð, en neðri hluti þess er um 3" í þvermál og endar í oddi. Lóðið var keyrt niður á fullri ferð (>100 m/min), en það stöðvaðist líka ofan á leiðaranum. Var þá ákveðið að framkvæma þrepaprófið á 700 m dýpi í stað 1430 m dýpis, og sambyggði hita- og þrýstimælirinn settur aftur niður. Prófað var hvort hann færi nú niður í leiðarann, en svo var ekki og hann því staðsettur á 700 m dýpi og hófst þrepapróf rétt eftir miðnætti 17. ágúst.

Í fyrsta þrepinu var ádælingu breytt úr 20 l/s í 32,1 l/s og stóð það í um 3 tíma. Þegar því lauk var prófað að fara niður með mælinn og nú vildi svo til að hann fór ofan í leiðarann en neðan 800 m dýpis hætti þrýstingur að vaxa svo neinu næmi. Var farið nokkrum sinnum niður fyrir 800 m með þrýstimælinguna í gangi, og var alltaf sama þrýstihegðun. Þar sem ekki var ljóst hverju þetta sætti þótti ekki ráðlegt að fara lengra út með vírin (var farið í 900 m) þar sem möguleiki var á að hann flæktist ef mælirinn væri sestur. Var því dregið aftur upp í 700 m og hófst þrep númer tvö kl. 03:43, en í því var ádælingu breytt úr 32,1 l/s í 45 l/s. Því þrepi lauk kl. 06:40 og var enn á ný farið með mælinn niður og nú brá svo við að þó þrýstistigullinn lækkaði verulega í ~800 m, þá fór hann aftur að hækka þegar komið var í ~830 m, og þótti þá ljóst að mælirinn væri ekki sestur. Var skarkað nokkrum sinnum upp og niður milli 680 og 960 m dýpis og voru þrýstimælingarnar alltaf á sömu lund, lágur þrýstistigull á milli 800 og 830 m dýpis. Hugsanlega stafar þessi þrýstihegðun af því að loft væri í holunni. Eftir að þetta lá ljóst fyrir var ákveðið að hitamæla í botn og síðan þrýstimæla þaðan upp í 1375 m til að fá mat á þrýstistigulinn í holunni, og síðan var mælirinn settur á 1430 m dýpi og þrepaprófin gerð á því dýpi.

Þau tvö þrep, sem mæld voru á 700 m dýpi, sýndu ekki þau þrýstiviðbrögð sem leitað er eftir í slíkum þrepaprófunum, en eins og sést á mynd 10 hækkaði þrýstingur fyrst eftir að ádæling var aukin, en fór síðan að lækka aftur. Þegar ádælingu var breytt úr 20 l/s í 32,1 l/s náði þrýstingurinn aldrei að hækka aftur, en í seinna þrepinu, þegar ádælingu var breytt úr 32,1 l/s í 45 l/s, fór þrýstingurinn að hækka aftur um hálf tíma eftir að ádælingunni var breytt. Bendir þetta til að þrýstihegðunin stjórnist verulega af gasi (lofti) í vatnssúlunni neðan við þrýstimælinn, en magn þess ræðst að verulegu leyti af ádælingunni, þ.e. það minnkar þegar ádælingin er aukin, sem veldur því að vatnsborðið lækkar og þar með þrýstingurinn, þar sem hann er mældur ofan við lofttappann. Vegna þessa er ekki hægt að sjá hver hin raunverulega þrýstibreyting í neðri vatnskerfum holunnar er í hvoru þrepi fyrir sig.



Mynd 10. *Prepaprófun á 700 m dýpi.*



Mynd 11. *Prýstimælingar með dýpi í prepaprófun.*

Sumar þeirra þrýstimælinga sem gerðar voru fyrir og eftir þrepaprófin eru sýndar á mynd 11, en þar sést að gas (loft) er í holunni við 45 l/s ádælingu, og líklega er þrýstistigslækkunin neðan 800 m dýpis í 32,1 l/s ádælingunni einnig vegna lofts.


Þar sem þrepin, sem tekin voru á 700 m dýpi, voru ekki nothæf til mats á gæfni holunnar né lektareiginleikum bergsins, var ákveðið að endurtaka þau með þrýstimæli á 1430 m dýpi, eftir að ljóst var að mælirinn komst niður á holubotn. Í fyrsta þrepinu á 1430 m dýpi var ádælingu breytt úr 45 l/s í 20 l/s, í því næsta úr 20 l/s í 32,1 l/s og að lokum var ádælingu breytt úr 32,1 l/s í 45 l/s. Þrýstibreytingarnar í þessum þrepum eru sýndar á mynd 12, og er mikill munur á þessum mælingum og þeim sem gerðar voru með mæli á 700 m dýpi (mynd 10). Ef gæfnisstuðullinn, B, er reiknaður fyrir þessi þrep kemur í ljós að hann er:

Þrep 1. $\Delta Q=25$ l/s; $\Delta P=7,25$ bar; $B=2,9$ m/(l/s)

Þrep 2. $\Delta Q=12,1$ l/s; $\Delta P=2,9$ bar; $B=2,4$ m/(l/s)

Þrep 3. $\Delta Q=12,9$ l/s; $\Delta P=3,8$ bar; $B=2,95$ m/(l/s)

sem þýðir að holan var opnari nú en þegar þrepaprófin voru gerð 6. ágúst ($B=5,1$ m/(l/s)) og 14. ágúst ($B=4,4$ m/(l/s)), en lægri B-stuðull þýðir opnari holu.



Mynd 12. Þrepapróf 17. ágúst 2001, á 1430 m dýpi.

Nákvæmari úrvinnsla á gögnum úr þrepaprófum mun fara fram á næstu vikum og niðurstöður birtar í greinargerð og síðar í lokaskýrslu um rannsóknir á holu HE-3.

6. HEIMILDIR

Benedikt Steingrímsson, Hjalti Franzson, Ingvar Þór Magnússon, Knútur Árnason, Kristján Sæmundsson, Sigvaldi Thordarson og Sverrir Þórhallsson 2001. *Holur HE-3 og HE-4 á Hellisheiði. Forsendur fyrir staðsetningu og hönnun holnanna*. Orkustofnun, Greinargerð OS-ROS-01/01, 17 s.

Hjalti Franzson, Benedikt Steingrímsson, Bjarni Guðmundsson, Bjarni Richter, Kjartan Birgisson, Ómar Sigurðsson og Peter Danielsen 2001. *Hellisheiði, hola HE-3. 1. Áfangi: Borun fyrir öryggisfóðringu í 324 m dýpi*. Orkustofnun, OS-2001/052, 23 s.

Sigurður Sveinn Jónsson, Benedikt Steingrímsson, Bjarni Guðmundsson, Guðlaugur Hermannsson, Guðmundur Ómar Friðleifsson, Hjalti Franzson, Kjartan Birgisson, Ómar Sigurðsson og Steinar Þór Guðlaugsson 2001. *Hellisheiði, hola HE-3. 2. Áfangi: Borun fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu frá 324 m í 812 m dýpi*. Orkustofnun, OS-2001/053, 40 s.

VIÐAUKI 1. Gýrósmælingar í holu HE-3.

Í 3. áfanga voru gerðar tvær samfelldar (G2) gýrósmælingar. Sú fyrri var gerð í upphafi áfangans, 31. júlí, en þá var mælt niður á 800 m dýpi innan í 9⁵/₈° fóðringunni. Sú seinni var síðan mæld 14. ágúst, eftir að lokadýpi var náð (1887 m), og var þá mælt innan í borstöngum á dýptarbilinu 750–1860 m. Í töflu 6 er þessum mælingum frá Halliburton/Sperry-Sun skeytt saman, og á mynd 13 er lega holunnar í láréttu og lóðréttu sniði sýnd. Botn holunnar (bordýpi 1887 m) er 1683 m neðan við holutopp og 729 m út frá honum í stefnu 352,7°. Á mynd 13 er sýnd lega holunnar í láréttu og lóðréttu plani, auk þess sem þar er sýnt hvernig hönnunarforsendur gerðu ráð fyrir að holan lægi (stefna 345° +/-10°, hallaupbygging 2,5°/30 m byrjar á 300 m dýpi þangað til lokahalla, 35°, er náð og þeim halla haldið til botns).

Tafla 6. Samfelldar gýrósmælingar (G2) í holu HE-3. Færsla eftir sniði er reiknuð eftir línu sem stefnir 348°.

Mæli-dýpi (m)	Halli (°)	Stefna (°)	Lóðrétt dýpi (m)	Færsla N-S (m)	Færsla A-V (m)	Færsla e. sniði (m)	Dog leg (°/30 m)
50	0.00	0.00	50.00	0.00 N	0.00 V	0.00	0.00
60	0.29	348.30	60.00	0.02 N	0.01 V	0.03	0.87
70	0.09	336.49	70.00	0.06 N	0.01 V	0.06	0.61
80	0.12	351.91	80.00	0.07 N	0.02 V	0.08	0.12
100.06	0.13	2.74	100.06	0.12 N	0.02 V	0.12	0.04
120	0.19	58.56	120.00	0.16 N	0.01 A	0.15	0.24
130	0.22	86.80	130.00	0.17 N	0.04 A	0.15	0.31
140	0.27	83.03	140.00	0.17 N	0.09 A	0.15	0.16
150	0.40	70.73	150.00	0.19 N	0.14 A	0.15	0.44
160	0.38	73.96	160.00	0.21 N	0.21 A	0.16	0.09
170	0.43	74.67	170.00	0.23 N	0.27 A	0.16	0.15
180	0.49	56.96	180.00	0.26 N	0.35 A	0.18	0.46
190	0.65	51.21	190.00	0.32 N	0.43 A	0.22	0.51
200	0.65	49.64	200.00	0.39 N	0.51 A	0.27	0.05
210	0.64	51.14	210.00	0.46 N	0.60 A	0.33	0.06
220	0.58	62.76	220.00	0.52 N	0.69 A	0.37	0.41
